

Háskólasetur á Vestfjörðum

Vinnuhópur menntamálaráðherra um háskólasetur á Vestfjörðum hefur skilað skýrslu sinni. Í hópnum áttu sæti fulltrúar Vestfirðinga, menntamálaráðuneytis, Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri.

Það er niðurstaða vinnuhópsins að við uppbyggingu háskóla- og rannsóknastarfsemi sé ákjósanlegasta leiðin sú að stofna Þekkingarsetur Vestfjarða sem byggji á þeirri starfsemi í rannsóknum og háskólakennslu sem nú þegar eru fyrir hendi og áætluð er á Vestfjörðum. Það felur í sér að skapaður verður sameiginlegur vettvangur fyrir rannsóknastofnanir, fjarkennslu og staðbundna kennslu á háskólastigi, símenntun og undirbúningsnám. Með þessu fyrirkomulagi er komið á æskilegum sveigjanleika í skipulagi og starfsháttum sem gefur kost á virku samstarfi við rannsóknastofnanir og háskóla í landinu við uppbyggingu þekkingarstarfsemi á Vestfjörðum.

Fyrirheit eru um að það þekkingarstarf sem fyrir

er á Ísafirði verði eftir með aukinni þátttöku háskóla og opinberra rannsóknastofnana og stuðningi stjórnvalda. Mikilvægt er að sá stuðningur verði öflugur þegar í upphafi þannig að hægt verði að mynda sterkan kjarna í rannsóknum og háskólakennslu sem byggji á sérstöðu og styrkleikum svæðisins. Þar þarf að líta til Vestfjarða í heild og hvernig hægt er að þjóna þeim aðgreindu atvinnusvæðum sem þar eru.

Að mati vinnuhópsins eru miklir möguleikar á Vestfjörðum til uppbyggingar rannsókna í veiðarfærataekni, fiskeldi, hafrannsóknnum, náttúruvannsóknnum með tilliti til Hornstranda, miðaldrafræðum og fjölmenningu svo eitthvað sé nefnt. Hvað varðar háskólamenntun þá spanna þarfirnar breitt svið þar sem huga þarf jafnt að því að veita aðstöðu til undirbúnings fyrir háskólanám, fjarnám og staðbundið nám á háskólastigi og aðstöðu fyrir meistara- og doktorsnema til að sinna rannsóknum.

[Fræðslumiðstöð Vestfjarða](#) býr nú þegar að mikilvægri reynslu hvað varðar fjarnám og símenntun og er mikilvægt að sú reynsla nýst áfram í þekkingarsetri. Möguleikar til staðbundins náms á háskólastigi eru jafnframt fyrir hendi, svo og tækifæri til að miðla þekkingu frá Vestfjörðum með fjarkennslu til annarra staða.

Verkefni eru því mörg og mikilvægt að standa skipulega að framkvæmd ef árangur á að nást. Vinnuhópurinn leggur til að mynduð verði stjórn og ráðinn verði framkvæmdastjóri fyrir þekkingarsetur Vestfjarða. Á þeim vettvangi verði teknar endanlegar ákvarðanir um framkvæmdir. Efla þarf samstöðu Vestfirðinga um uppbyggingu þekkingarstarfsemi og fá til samstarfs þá fjölmörgu aðila sem áhuga og hagsmunir hafa af þátttöku.

Skýrslu vinnuhópsins er hægt að nálgast á vef [menntamálaráðuneytis](#).



Heimsókn frá fræðslufirvöldum í Kaunas í Litháen

Í vikunni heimsótti hópur frá fræðslufirvöldum í Kaunas í Litháen menntamálaráðuneytið og átti fund með fulltrúum skrifstofu menntamála auk fulltrúa frá Námsgagnastofnun og Umhverfisfræðsluráði. Áður hafði hópurinn átt fund með Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og farið í skólaheimsóknir.

Tilkomu þessarar heimsóknar má rekja til tengsla sem mynduðust árið 2002 en þá heimsótti hópur nemenda og kennara frá Kaunas Ísland. Ein af afurðum þeirrar heimsóknar varð myndband sem hópurinn gerði um Ísland, náttúru þess og umhverfi, sem síðan hefur verið notað til kennslu í öllum grunn- og framhaldsskólum í Kaunas.

Tilgangur heimsóknarinnar nú var að fræðast um hið íslenska menntakerfi en þó einkum og sér í lagi að fá kynningu á því hvernig staðið er að umhverfisfræðslu í skólum landsins, m.a. með hlíðsjón af ákvæðum námskráa. Á fundinum var kynning á íslenska skólakerfinu, fjallað um námskrár- og námsefnisgerð og starfsemi [Umhverfisfræðsluráðs](#) kynnt. Eftir

fundinn var [leikskólinn Steinhlið](#) heimsóttur, en skólinn er einn af elstu leikskólum borgarinnar og starfar undir formerkjum umhverfismenntunar. Þess má geta að Steinhlið hefur sótt um að fá hinn svokallaða Grænfána, sem er alþjóðleg viðurkenning á að skólinn byggji starfsemi sína og námskrá á umhverfissjónarmiðum.

Lokahelgi Listahátíðar

Síðari vika [Listahátíðar í Reykjavík 2004](#) stendur nú yfir, en henni lýkur 31. maí með tónleikum Susönnu Baca sem flytur tónlist svartra þræla í Suður-Afríku, m.a. við undirleik á eplakassa og spil á bein.

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, setti Listahátíð í Listasafni Íslands, 14. maí sl. og sagði m.a. í ræðu sinni: „Við Íslendingar erum þeim eiginleikum búinir að vera móttækilegri fyrir utanaðkomandi straumum og opnari fyrir erlendum menningarheimum en flestir aðrir jafnframt því sem við stöndum vörð um sérkenni okkar og verðmæti. Þar hefur Listahátíð gegnt mikilvægu hlutverki á undanförmum áratugum. Hún hefur opnað okkur nýjar viddir, leyft okkur að njóta söngs stórkostlegra listamanna á borð við Pavarotti og Led Zeppelin eða þá verka manna á borð við Picasso. Listahátíð í ár er



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, opnaði sýningu á Kenjum Goya í Listasafni Akureyrar, í tengslum við Listahátíð í Reykjavík

þar engin undantekning og státar m.a. af söng Olgu Borodinu og verkum eftir Koons og Goya. Listahátíð er að verða að sígildum þætti í íslensku listalífi. Hins vegar má hún aldrei verða sígild í þeim skilningi að hún sé fyrirjäänleg og stöðnuð. Þvert á móti verður hún ávallt að vera hólmganga við tilfinningar okkar og storka hinu viðtekna samhliða því að kitta fegurðarskyn okkar og leyfa okkur að njóta þess sem staðist hefur tímans tönn.”

Áhersla á sviðslist og tónlist

Listahátíð hefur að þessu sinni einkennst af sviðslist, dansi og leikhúsi og er þetta í fyrsta sinn sem boðið hefur verið upp á svo margar alþjóðlegar stórar leik- og danssýningar í einu hér á landi. Óvenju margir erlendir listamenn koma að hátíðinni að þessu sinni, eða um 200 talsins. En innlendir listamenn eru á fjórða hundrað. Tónlistin hefur einnig sett sterkan svip á hátíðina, og mun ekki síst gera það síðustu daga Listahátíðar. Meðal þeirra tónleika sem verða á næstu dögum eru tónleikar Brodsky-kvartettsins, frönsku gyðingadjassveitarinnar Klemzer Nova og KaSa-hópurinn flytur íslenska kvikmyndatónlist. Ísland-Írland er heiti risavaxins tónlistarviðurðar sem haldinn verður í Laugardalshöllinni á laugardagskvöldið. Þar koma saman tónlistarmenn beggja landa undir stjórn Hilmars Arnar Hilmarssonar og hins írsku Donal Lunny, sem kallaður hefur verið faðir hinnar írsku endurreisnar í tónlist. Það er hin margverðlaunaða söngkona frá Perú, Susanna Baca, sem slær botninn í Listahátíð að þessu sinni.

Nánari upplýsingar er að finna á [listahatid.is](#).

